



Reykjavíkurborg
Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð, íbúaráð Miðborgar og Hlíða
Ráðhúsinu
101 Reykjavík

Aðalskipulag Reykjavíkur 2040. Endurskoðun stefnu um íbúðarbyggð og blandaða byggð og tæknileg uppfærsla Aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2030, með lengingu skipulagstímabils til ársins 2040.

Um leið og þakkað er fyrir aðsenda athugasemd við auglýsta aðalskipulagstillögu, þá er hér með tilkynnt að borgarstjórn Reykjavíkur samþykkti aðalskipulagið þann 19. október sl. Aðalskipulagstillagan ásamt fylgiskjölum hefur verið send Skipulagsstofnun til lokaafgreiðslu og staðfestingar. Tillagan var kynnt í samræmi við 30-31. gr skipulagslaga og formleg auglýsing hennar var á tímabilinu 21. júní til 31. ágúst sl. Frestur til að gera athugasemdir var til 31. ágúst. Alls bárust athugasemdir og umsagnir frá 72 aðilum. Veigamesta athugasemdin varðaði uppbyggingu í Mjódd/Norður-Mjódd þar sem ítrekaðar voru fyrri athugasemdir og óskað eftir að heimildir um hæðir húsa yrðu færðar enn meira niður. All nokkrar aðrar athugasemdir vörðuðu hæðir húsa og neikvæð umhverfisáhrif of þéttrar byggðar. Nokkar athugasemdir snertu landnotkun á svæðum utan skilgreindra marka þéttbýlis og er þeim vísað til fyrirhugaðrar vinnu við aðalskipulag á Kjalarnesi og á svæðum í útmörk borgarlandsins. Ýmsar athugasemdir og umsagnir vörðuðu tæknileg atriði og almennar endurbætur skipulagsgagna, m.a. kafla um menningarminjar, veitukerfi og umhverfisskýrslu. Athugasemdir leiða almennt ekki til veigamikilla breytinga á auglýstri tillögu, en komið er að nokkru til móts við athugasemdir sem varða stefnu um hæðir húsa, m.a. í Mjódd.

Nálgast má umsögn og svör við athugasemdum á adalskipulag.is.

Haraldur Sigurðsson, deildarstjóri Aðalskipulags

Sent til Sigurður Loftur Thorlacius, Hvalfjarðarsveit, Landsnet hf., Guðmundur Björgvin Svafarsson, Gunnhildur Karlsdóttir Rocksén, Ingunn Mjöll Birgisdóttir, Ásgeir Logi Ísleifsson, Stefán Hrannar Guðmundsson, Magnea Rut Ásgeirsdóttir, Lárus Guðmundsson, Baldur Hrafn Björnsson, Sigrún Valdimarsdóttir, Halldóra Sigríður Ásgrímsdóttir, Soffía Traustadóttir, Kolbrún Sif Halldórsdóttir, Ásgerður Karlsdóttir, Yrsa Rós Brynjudóttir, Karen Ósk Pétursdóttir, Valur Júlíusson, Margrét Gíslínudóttir, Hildur Kristjánsdóttir, Gísli Páll Reynisson, Mosfellsbær, Barclay Thomas Anderson, Hrafnhildur Sigurðardóttir, Garðabær, Reykjavíkurborg, Oddur Gunnar Jónsson, Landslög slf., Hrund Snorradóttir, Bergur Thomas Anderson, Reykjavíkurborg, Brynhildur Ósk Guðmundsdóttir, Kári Kolbeinsson, Sigurbjörn Hjaltason, Hólmasund 4-20, húsfélag, Reitir fasteignafélag hf., Kópavogsbær, Kópavogsbær, Veðurstofa Íslands, Sigbjörn Kjartansson, Guðmundur Skúli Johnsen, Náttúrufræðistofnun Íslands, Samtök um betri byggð, hagsmunaf, Borgarholtsskóli, LEX ehf., Landvernd, landgræðslu- og umhv, Heimir Örn Herbertsson, Prýðifélagið Skjöldur, Dagmar Viðarsdóttir, Tryggvi Gunnar Tryggvason, Listaháskóli Íslands, Veitur ohf., Ásta Sóllilja Guðmundsdóttir, Kjartan Örn Ólafsson, Guðrún Inga Ingólfssdóttir, Þorvarður Jón Löve, Gunnlaugur Friðrik Friðriksson, Íbúasamtök Laugardals (ÍL), Anna Sif Jónsdóttir, Reykjavíkurborg, Ljóstækni félag Íslands, Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur, Íbúasamtök Grafarvogs, Steinn Sigurðsson, Reykjavíkurborg, Vegagerðin